

Ragnheiður Gló Gylfadóttir  
Kjarrhólar  
Selfoss

Reykjavík, 28. júní 2023  
UST202306-043/P.B.S.  
09.04.00

### **Efni: Leyfi til rannsókna á friðlýstum svæðum**

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Ragnheiðar Gló Gylfadóttur, dagsett, 20. júní 2023 um leyfi til fornleifarannsókna innan landslagsverndarsvæðis í Þjórsárdal.

**Landslagsverndarsvæði Þjórsárdal** er friðlýst sbr. auglýsingu nr 110/2020. Aðrar náttúrufarsrannsóknir en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands og lögbundnar rannsóknir Skógræktarinnar, Landgræðslunnar og Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eða truflun dýralífs eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Varðveita skal einkenni og sérkenni landslags svæðisins. Óheimilt er að valda spjöllum á landslagi svæðisins. Til að tryggja vernd jarðminja á svæðinu er óheimilt að hrófla við, raska, eða skemma jarðminjar á friðlýsta svæðinu.

### **Lýsing verkefnis:**

Markmið verkefnisins er að afla frekari upplýsinga um járnvinnslu sem og nýtingu auðlinda í Þjórsárdal sem og hvort önnur vinnsla hafi átt sér þar stað. Í umsókninni kemur fram að jarðrask verður á um 150 fm svæði. Svæðið verður grafið upp með fornleifafræðilegum aðferðum og verða 20-40cm teknir burtu. Til þess að koma til móts við rask verður dreift úr jarðvegi yfir uppgraftarsvæðið að rannsókninni lokinni, þ.e. þeim jarðvegi sem tekinn var ofan af rannsóknarsvæðinu. Frágangur verður í samstarfi við Minjavörð Suðurlands.

Fjöldi þátttakanda í rannsókninni eru 4 og mun hún fara fram frá 18. september-30. september. Bíl verður ekið eftir vegi að rannsóknarsvæði og síðasti spölurinn genginn, eða um 200m, að rannsóknarsvæði. Fyrirhugað er að taka 10-12 frjókornasýni, þau eru lítil og ekkert rask sem fylgir þeim. Rannsóknarsvæðið er númer 753:018 og er styrkt af Fornminjasjóði og er samstarfsverkefni Fornleifastofnunar Íslands, Minjastofnunar og Háskóla Íslands.

### **Áhrifamat:**

Mokstur grunns fyrir fornleifarannsókn felur í sér tímabundið rask. Áhrifin á náttúrufar eru hinsvegar afturkræf þar sem jarðvegi verður mokað yfir holuna að rannsókn lokinni og gengið frá yfirborði hans til að sýnilegt rask verði í lágmarki. Niðurstöður rannsóknarinnar munu aftur á móti hafa jákvæð áhrif á verndargildi svæðisins, enda mun hún auka þekkingu á búsetu í Þjórsárdal fyrr á öldum.

### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Ragnheiður Gló Gylfadóttir fyrir sitt leyti leyfi fornleifarannsókn innan landslagsverndarsvæðis í Þjórsárdal sbr. lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

#### Leyfi til rannsókna

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vegi skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, og um leið afmá öll ummerki verkefnisins.
- Rannsóknaraðilar og farartæki skulu vera merktir sínum stofnunum og/eða klæðast merktum sýnileikafatnaði.

Leyfi landeigenda Minjastofnunar og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Landslagsverndarsvæðið er innan þjóðlendu og gæti leyfi forsætisráðuneytisins þurft fyrir rannsókninni skv. lögum nr. 58/1998.

Virðingarfyllt

Þórdís Björt Sigþórsdóttir  
**teymisstjóri**

Daníel Freyr Jónsson  
**sérfræðingur**